

# Viðmiðunarreglur vegna keppnisferða á vegum BÍ88

## 1. Þátttaka í ferðum.

Unglingaráð í samráði við þjálfara ákveða hvaða keppnum skuli taka þátt í og hvaða iðkendur skuli keppa (iðkendur þurfa t.d. að vera búnir að greiða æfingagjald) . Þjálfarar að höfðu samráði við Unglingaráð gera tillögu til foreldra/aðstandenda um æfingaferðir.

## 2. Fararstjórar.

Í öllum keppnisferðum er nauðsynlegt að hafa fararstjóra; minnst tvo á lið í 5. 6. 7. og 8. flokki og minnst einn á lið í 3. og 4. flokki. Það er í höndum foreldra að manna þessar ferðir. Foreldrar skulu tilnefna fararstjóra og yfirfararstjóra; ef aðeins einn fararstjóri fer með í ferð (3.fl og 4.fl) skal hann titlaður “yfirfararstjóri”.

## 3. Yfirfararstjóri og hlutverk fararstjóra

Yfirfararstjóri skal vera í forsvari fyrir hópa í ferðum og í gegnum hann geta foreldrar haft samband á meðan ferðum stendur, ef eitthvað er. Fararstjórar geta þó skipt með sér verkum eins og þeir kjósa en þó skal alltaf vera einn sem sér um samskipti við aðra foreldra eða forráðarmenn.

Foreldrar/aðstandendur iðkenda tilnefna fararstjóra fyrir hverja keppnis-/æfingaferð. Allir fararstjórar ákveða, í samráði við þjálfara, tilhögun ferðarinnar þ.e. brottfarartíma, ferðamáta (rúta/einkabílar/flug) og gististað. Fararstjórar ákveða hve mikið af mat er tekið með. Fararstjórar ákveða dagskrá ferðarinnar svo sem kvöldvökur (bíókvöld), skoðunarferðir, sundferðir o.s.frv. Yfirfararstjóri skal síðan aðstoða þjálfara að setja upp og koma út nákvæmri dagskrá til foreldra þeirra krakka sem taka þátt í ferðinni. Með dagskránni skulu fylgja ferðareglur ásamt nöfnum og símanúmerum þeirra fararstjóra sem fara með í ferðina.

## 4. Öryggis- og agareglur

a. Fararstjórar bera ábyrgð á öryggi allra þátttakenda í ferð.

b. Fararstjórar ráða tilhögun ferðar milli landshluta og milli húsa eða milli hverfa á áfangastað.

c. Fararstjórar skulu fylgjast með að ökumaður rútu sé allsgáður og vel upplagður og að hann fylgi reglum um hámarkshraða, framúrakstur og önnur brýn öryggisatriði. Ef fararstjórar telja misbrest á einhverju ofangreindu skulu þeir strax gera athugasemd.

d. Ef ferðast er með einkabílum skulu fararstjórar brýna fyrir ökumönnum að virða umferðarreglur, sérstaklega varðandi hámarkshraða, framúrakstur, notkun bílbelta og fjölda farþega í bifreið.

e. Fararstjórum og þeim sem aka með annarra manna börn í einkabifreiðum er algerlega óheimilt að bragða áfengi sólarhring áður en ferð hefst og þar til henni er lokið. Foreldrum sem taka meiri eða minni þátt í keppnisferð er óheimilt að neyta áfengis á gististað iðkenda eða láta iðkendur á nokkurn hátt verða vara við að þeir hafi neytt áfengis.

f. Fararstjórum, auka foreldrum, dómurum og þjálfurum er óheimilt að reykja sígarettur í keppnisferð að iðkendum ásjáandi.

g. Iðkendum er algerlega óheimilt að neyta áfengis né annara vímuefna eða reykja sígarettur í keppnisferðum.

h. Fararstjórar skulu gæta hópsins öllum stundum og ekki heimila iðkendum að víkja frá hópnum. Heimilt er að leyfa eldri iðkendum að sækja aðrar skipulagðar samkomur sem lúta ströngum reglum, ef foreldrar óska eftir því í hverju tilviki.

i. Fararstjórar skulu almennt vera til fyrirmyndar varðandi hegðun og snyrtimennsku.

j. Fararstjórar skulu gæta þess að iðkendur séu félaginu til sóma í hvívetna með góðri hegðun og snyrtimennsku.